

Ed.

217. Frumvarp til laga

[163. mál]

um breyting á lögum nr. 120 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Davíð Aðalsteinsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Við 37. tl. 3. gr. bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:
Að fella niður gjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir sjón- og heyrnarskerta. Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð um framkvæmdina við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sé um heyrnarskerta að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

37. töluliður 3. gr. tollskrárlaga lýtur eingöngu að vissum hjálpartækjum blindra og er þar með skilyrðum.

Flutningsmönnum þykir rétt að útvíkka þennan tölulið, þessa heimild, alveg sér í lagi með tilliti til heyrnarskertra og hjálpartækja þeirra. Er það gert m. a. að sérstakri beiðni þeirra sem gerst þekkja hér til og best vinna hér að.

Við flm. vitnum hér til stuðnings frumvarpinu í ágæta greinargerð frá Ingimar Sigurðs-syni deildarstjóra í heilbrigðisráðuneytinu, sem jafnframt er formaður stjórnar Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands:

„Þeir sem búa við sjón- eða heyrnarskerðingu þurfa á ýmiss konar sérbúnaði að halda. Mjög er misjafnt á hvern hátt hið opinbera tekur þátt í kostnaði vegna slíkra tækja, allt frá fullum til engra greiðslna. Sé um að ræða hjálpartæki fyrir sjónskerta fer um slíkar greiðslur samkv. almannatryggingalögum, nr. 67/1971, með síðari breytingum, þ. e. a. s. tryggingaráð tekur ákvörðun um þátttöku hins opinbera í kostnaði vegna slíkra tækja. Sé hins vegar um að ræða hjálpartæki fyrir heyrnarskerta fer um greiðslur hins opinbera skv. lögum nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, en skv. þeim skal ráðherra setja reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði við útvegum þeirra. Í reynd hefur eingöngu verið tekin afstaða til þátttöku ríkisins varðandi heyrnartæki. Önnur hjálpartæki fyrir heyrnarskerta eru greidd af Tryggingastofnun ríkisins að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöðina á sama hátt og greinir frá um hjálpartæki fyrir sjónskerta, séu þau á annað borð greidd á einhvern hátt.

Þrátt fyrir það að hið opinbera standi undir verulegum kostnaði vegna nefndra hjálpartækja er kostnaður notenda í mörgum tilvikum talsverður. Má hér sem dæmi nefna, að sérhönnuð vekjaralukka með vibrator fyrir heyrnarskerta, sem kostar d.kr. 440, kostar hér með öllum álagningum kr. 1 464. Engum blandast þó hugur um að slík tæki eru heyrnarskertum nauðsynlegri en venjuleg vekjaralukka velheyrandi. Fyrir því verður að teljast óeðlilegt, að hið opinbera hafi tekjur af slíkri fötlun sem sjón- og heyrnarskerðing er.

Verulegur fjöldi þarf á slíkum öryggis- og hjálpartækjum að halda og má sem dæmi nefna að um 3000 menn voru skoðaðir á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands fyrra misseri yfirstandandi árs og úthlutað var tæpum 1000 tækjum. Er hér um verulega aukningu að ræða frá fyrra ári, en eigi að síður er langur biðlisti við stofnunina.

Lagt er til að fjármálaráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmdina að höfðu samráði við augndeild Landakotsspítala, Tryggingastofnun ríkisins og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, eftir því hvort um er að ræða tæki fyrir sjónskerta eða heyrnarskerta. Fyrst og fremst

þarf að setja reglur um þau tæki, sem falla eiga hér undir, og verður að tryggja samráð við þá aðila, er annast þessi mál, til þess að tryggja að um misnotkun verði ekki að ræða. Í reynd þyrfti að leita samþykkis þessara aðila í hverju tilviki. Enn fremur þyrfti að setja reglur um það, í hvaða tilvikum beita ætti þessari niðurfellingarheimild, en það yrði í þeim tilvikum þar sem menn verða að standa sjálfir straum af kostnaði við útvegum slíkra tækja, ýmist að öllu leyti eða að hluta til. Þar sem ríkið sjálft tekur þegar verulegan þátt í kostnaði við útvegum slíkra tækja og greiðir þar með í eigin vasa bæði aðflutningsgjöld og söluskatt yrði hér ekki um verulega tekjuskerðingu að ræða fyrir ríkið, nema í þeim tilvikum þar sem ákveðið yrði að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af gleraugum og efni til þeirra, en í fyllsta máta er ósanngjarnt að þeir, sem þurfa á slíkum tækjum að halda, greiði aðflutningsgjöld og sölu-skatt eins og um munaðarvarning sé að ræða, sérstaklega þegar haft er í huga að hið opinbera tekur engan þátt í kostnaði við útvegum þeirra nema í undantekningartilvikum.

Væri við hæfi að koma nefndri niðurfellingarheimild í lög áður en ár fatlaðra líður í aldanna skaut.“

Við þetta hafa flm. engu að bæta.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.